

KENNSLUBÓK Í SPÆNSKU

64
468
bör

PÓRHALLUR ÞORGILSSON

KENNSLUBÓK
Í SPÆNSKU



Amtsbókafafnið
á Akureyri.

REYKJAVÍK 1931
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H. F.

400-24

FORMÁLI.

Bók þessa hef ég reynt að gera svo úr garði, að hún gæti komið að notum á þrennan hátt: sem kennslubók við verzlunarskóla og aðra skóla, þar sem til mála gæti komið, að spænska yrði kennd í náninni framtíð; sem handhæg kennslubók fyrir þá, er vilja læra málið án kennara; og sem handbók fyrir þá, sem ekki hafa ástæður til að læra spænskuna málfraeðislega, en þurfa þó í viðskiftum sínum eða á ferðum sínum að hafa á takteinum ýms orð og setningar á því máli, sem verzlunarfólki og ferðamönnum er mest nauðsyn að.

Í þessu skyni hef ég að ýnsu leyti breytt út frá þeim reglum, sem almennt eru lagðar til grundvallar við samningu kennslubóka. Þannig hef ég samið sérstakan kafla um bréfaskriftir ásamt nokkrum sýnishornum af verzlunarbrefum viðvikjandi viðskiftum vorum við spænskumælandi lönd; og fyrir þá, sem vilja læra spænsku kennaralaust, hef ég skráð þýðingar (í orðasafninu) á öllum þeim orðum og orðatiltækjum, sem koma fyrir á Linguaphone kennsluplötunum, og ætti þá þeim, sem þær eiga, ekki að verða skotaskuld úr því að bjargast af án kennara. Fyrir ferðamenn hef ég tekið saman 150—200 setningar um margt það helzta, sem fyrir kemur í daglegu viðskiftalífi. Þeim er flokkað niður í 16 kafla, svo að hægara sé að gripa til þeirra og auðveldara verði að nota þær sem undirstöðu undir talæfingar í skólum.

Við samningu bókarinnar hef ég stuðst við ýms erlend rit, og ber helzt að nefna þessi:

L. Dubois: Grammaire espagnole. Toulouse, 1921.

F. Starr: Central America. Chicago, 1930.

Nyrop: Lærebog i Spansk. Kbh. 1923.

E. Bendtsen & E. Krog-Meyer: Spansk Lærebog. Kbh. 1931.

A. Coester: A Year of Spanish. Boston 1930.

J. Moneva y Puyol: Gramática castellana. Editorial Labor. Barcelona ál.

R. Torres: Spanish in 30 Lessons. London 1929.

Langenscheidts Spanisch für Kaufleute. Berlin-Schöneberg 1927.

Langflestir leskaflarnir og ýmislegt í málfræðisæfingunum er tekið úr þessum eða öðrum erlendum ritum, en öllu lesmálinu hef ég orðið að breyta meira eða minna til að gera það sem aðgengilegast fyrir byrjendur.

Af þeim, sem hafa aðstoðað mig á einn eða annan hátt við verk þetta, er mér einkum skylt að nefna dr. Miguel Artigas, yfirbókavörð við ríkisbókasafnið í Madrid, próf. dr. Viggo Bröndal, eftirmann Nyrops við Hafnarháskóla, og Jakob Jóh. Smára Menntaskólakennara, sem hefur góðfúslega lesið yfir málfræðina í handriti og gefið mér ýmsar góðar bendingar.

Að síðustu skal þess getið með þakklæti, að Alþingi veitti nokkurn styrk til útgáfu þessarar bókar.

P. P.

EFNI.

	Bl.
Inngangur.	
Stafrófið	1
Framburður	1
Áherzla	4
Áherzlumerki	5
Stafsetning	6
Lestrarmerki	6
Málfræði.	
Greinar	8
Nafnorð og lýsingarorð (kyn nafnorða; kvenkyns- endingar lýsingarorða og nafnorða; fallbeyg- ing; fleirtala nafnorða og lýsingarorða; stig- breyting lýsingarorða; afleiðsluendingar) . . .	9
Fornöfn (persónufornöfn; eignarfornöfn; ábending- arfornöfn; tilvísunarforöfn; spurnarfornöfn; óákveðin foröfn og lýsingarorð)	16
Sagnir (reglulegar sagnir; óreglulegar sagnir; hjál- arsagnir, samsettar tíðir og þolmynd; tíðir og hættir sagna)	23
Töluorð	35
Atviksorð	37
Forsetningar (æfingar)	72
Samtengingar (æfingar)	73
Málfræðisæfingar I—XXIII	38—74
Talæfingar.	
Bankinn	63
Ferðamannaskrifstofan	63

	Bls.
Ferðin	46
Gistihúsið	51
Hárskerinn	59
Heilsan	44
(Heim)koman	50
Heimsókn	39
Hvernig er veðrið	43
Klæðskerinn	58
Matstofan	53
Nokkrar setningar	41
Pósthúsið	65
Tóbaksbúðin	58
Tollstöðin	48
Verzlanir	56
Leskaflar.	
Unos chistes	61
Rasgo de Felipe II	70
Chistes	71
La lengua española	74
El gitano	77
La confesión	78
El arte de vender mamarrachos	78
Donde habla el mudo, ve el ciego	79
Sin quitar ni poner	79
El burlador burlado	80
La invitación	80
Una conspiración	81
Un episodio de mi vida	82
Los cursis	88
Casarse por microbios	90
La tierra española y sus riquezas	92
La lealtad castellana	94
Pobre y orgulloso	94
Nombres y apellidos	95
Invasiones y emigraciones	96

	Bls.
La cebra de listas azules	99
Autobiografía	100
Chistes	103
La radiotelefonía en España	104
Autoridades enemigas del turismo	106
En casa del Beco	108
Servicio policiaco	110
Verzlunarbréf.	
Redacción de una carta	119
Modelos 1—10	120—126
El comercio español	126
Algunas abreviaturas	127
Spænskt-íslenzkt orðasafn	129—194
Leiðréttingar	X

Leiðréttingar.

27. bls., 2. l.: sentisteis, les sentisteis.
31. — 14. - 07, les 34.
36. — 6. - ducentésimo, les ducentésimo.
68. — 26. - levanta, les levanto.
86. — 30. - A llegar, les Al llegar.

Inngangur.

1. — Stafrófið.

a — a	j — jota	s — ese
b — <i>be (larga)</i>	l — ele	t — te
c — ce	ll — elle	u — u
ch — che	m — eme	v — ve, u de co-
d — de	n — ene	razón, u con-
e — e	ñ — ñe	sonante
f — efe	o — o	x — equis
g — ge	p — pe	y — ye, y griega
h — hache	q — cu	z — zeda, zeta.
i — i	r — ere, erre	

W (*ve doble, doble u*) er aðeins notað í útlendum orðum, og k (*ka*) í örfáum orðum af útlendum uppruna.

2. — Framburður.

- a er borið fram eins og í isl. »dagur«.
b 1) er borið fram raddað [b]* á eftir m eða n og oftast í byrjun orðs;

* Innan hornklofa standa jafnan þeir íslensku stafir, sem líkastir eru spænsku hljóðunum, eða, þar sem þeir nægja ekki, önnur framburðartákn.

- 2) endranær er það [b], þ. e. millihljóð milli [b] og [v], (eða [v], sem myndast milli varanna, en ekki milli neðri varar og efra tanngarðs, eins og oftast í íslenzku).
- c 1) er óblásið [k] á undan a, o, u, eða samhljóða;
- 2) á undan e, i er það borið fram [p].
- ch er borið fram [t/], sem er sama hljóð og enskt ch í »church« og þýzkt tsch í »kutscher«. Þetta hljóð er ekki til í íslenzku, en það er ekki ólíkt [tsj], sé það borið hratt fram með framskotnum vörum.
- d 1) er hreint, raddað [d] í byrjun orðs og á eftir l, n, s;
- 2) annars er það borið fram [ð]. Í endingunni -ado eða þegar það stendur seinast í orði, hættir mörgum við að sleppa því í framburði.
- e er opið e, eins og í »efi«; í áherzlulausri samstöfu er það ekki út af eins opið.
- f = [f].
- g 1) á undan e, i er borið fram [ɣ], sem er sama hljóð og g í »lagt«, nema töluvert sterkara; það myndast niður við tungurætúrnar og líkist því hljóði, sem heyrir þegar menn ræskja sig (sbr. þýzkt ch í »doch«);
- 2) á undan a, o, u eða samhljóða er það raddað [g] í »gamall«; en ef það stendur á milli sérhljóða, heyrir þó oftast [ɣ], eins og í »saga«.
- h er ávallt hljóðlaust; í mállýzkum hefur það stundum svipað hljóð og g 1).

- i er alltaf [i], nema í tvihljóðum og þrihljóðum (sjá síðar).
- j er sama hljóð og g 1); í spænskumælandi löndum Ameríku bera menn það oft fram [h]. Þegar j stendur seinast í orði, er það veikt eða jafnvel alveg hljóðlaust. Þannig er »reloj« borið fram [rreló].
- l er raddað [l] í »moli«.
- ll er líkast [lj], en skal þó ekki borið fram sem eitt hljóð, en ekki l + j. Í daglegu tali verður það ósjaldan [j].
- m = raddað [m].
- n = raddað [n].
- ñ er ekki ólíkt ensku ni í »onion« eða [nj], en skal þó borið fram sem eitt hljóð (sbr. ll).
- o er oftast [o], en stundum heyrir þó [ó], einkum í áherzlulausum samstöfum (sbr. e).
- p er óblásið [p]; í orðum, sem byrja á ps-, er það hljóðlaust.
- q er óblásið [k].
- r er tungubrodds-[r], en verður þó töluvert sterkara en tíðast í íslenzku, þegar það er tviritað eða stendur í byrjun orðs.
- s = [s]. Það er stundum raddað — [z] — á undan rödduðum samhljóða og oft hljóðlaust á undan r.
- t er óblásið [t].
- u 1) er hljóðlaust í stafasamböndunum gue, gui, que, qui;
- 2) þegar það er með tvípunkti (diéresis) — ü —

skal það borið fram eins og enskt w eða isl. v í »hvað«, eins og það orð er framborið víðast sunnanlands;

3) annars er það jafnan = [ú] (sjá þó síðar um tvíhljóða og þríhljóða).

v = spænskt b (sjá hér að framan).

x er [ks] á milli sérhljóða, en [s] á undan samhljóða. Áður var það oft látið tákna sama hljóð og g 1), og enn skrifa menn ýmist »México« eða »Méjico«.

y = [j], nema í tengiorðinu y [i].

z = [p]. Í Ameríku og nokkrum héruðum á Spáni er z og c 2) borið fram [s].

Tvíhljóðar og þríhljóðar. Sérhljóðarnir a, e, o eru kallaðir breiðir, en i, u grannir. Þegar breiður og grannur sérhljóði eða tveir grannir sérhljóðar standa saman, mynda þeir tvíhljóða, en þríhljóði er það, þegar breiður sérhljóði stendur á milli tveggja grannra. I er borið fram [j] og u [w] í tvíhljóðum: ai, au, ei, eu, oi, ou, ia, ua, ie, ue, io, uo, iu [jú], ui [wi], og þríhljóðum: iai, iei, uai, uei.

Áherzla.

3. — a. Orð, sem enda á sérhljóða, n eða s, eru »palabras llanas«, þ. e. hafa áherzlu á næst-seinasta atkvæði.

b. Þau orð, sem enda á öðrum samhljóðum en

s og n, eru »palabras agudas«, þ. e. hafa áherzlu á seinasta atkvæði.

Aths. Áherzlan færir til í tveim orðum: *carácter* (skapgerð), flt. *caracteres*, *régimen* (stjórnarfyrikomulag), flt. *regimenes*.

Áherzlumerki.

4. — Í ritmáli er áherzlumerki (´) notað í þessum tilfellum:

a. Í öllum þeim orðum, sem eru undantekningar frá reglunum um áherzlu.

b. Til að aðgreina sérhljóða, sem annars væru bornir fram sem tvíhljóðar (í einu atkvæði).

c. Í nokkrum fornöfnum og atviksorðum, þegar þau standa sem spurning eða upphrópun (*que, quien, cuanto, como, donde, cual*).

d. Í ábendingarfornöfnunum *éste, ése* og *aqué*, þegar þau standa sjálfstæð.

e. Til aðgreiningar á nokkrum smáorðum, sem væru annars eins rituð: *de* (frá), *dé* (ég gefi) — *el* (hinn), *él* (hann) — *mas* (en), *más* (meira) — *mi* (minn), *mí* (mér) — *se* (sig), *sé* (ég veit) — *si* (ef), *sí* (já; sig, sér) — *solo* (einn, aleinn), *sólo* (aðeins) — *tu* (þinn), *tú* (þú).

Aths. Samsett orð halda sömu áherzlu og áherzlumerkjum og einstakir partar þeirra (*sólidamente, décimoséptimo*). Eins halda sagnmyndir áherzlumerkjum sínum, jafnvel þótt þeirra gerist ekki

þörf eftir að persónuformönnum hefur verið skeytt aftan við sögnina (*vióme hann sá mig, escondime ég faldi mig*).

5. — Breytileg stafsetning.

Af framburðarreglunum má sjá, að sum hljóð eru táknuð í riti á fleiri en einn hátt, eftir því hvernig þau standa af sér í orðinu, hvaða hljóð fer á eftir o. s. frv. Þessar breytingar koma reglulega í ljós á undan beygingar- og afleiðsluendingum:

- 1) z verður c á undan e, i;
- 2) c [k] verður qu á undan e, i;
- 3) g [g] verður gu á undan e, i;
- 4) g (γ) verður j á undan a, o;
- 5) gu [gw] verður gü á undan e, i;
- 6) áherzlulaust i [j] milli tveggja sérhljóða er ritað y;
- 7) ie [je] í byrjun orðs er ritað ye, og ue [we] hue.

6. — Lestrarmerki.

Í spænsku eru notuð þessi lestrarmerki:

. <i>punto final</i>	: <i>dos puntos</i>
, <i>coma</i>	... <i>puntos suspensivos</i>
; <i>punto y coma</i>	¿? <i>interrogación</i>
! <i>admiración</i>	« » <i>comillas (cita)</i>

() *paréntesis*
 .. *diéresis*

- *guión*
 — *raya*

Spurnar- og upphrópunarmerki standa ekki aðeins á eftir spurningum og upphrópunum, heldur einnig á undan þeim og eru þá rituð á höfði.

Á eftir ávarpi í bréfum stendur jafnan tvídepill en ekki upphrópunarmerki.

Höfuðatriði málfræðinnar.

Greinar.

7. — Ákveðni greinirinn hefur þessar myndir:
el með karlkynsorðum í eintölu og kvenkynsorðum, sem byrja á (h)a- með áherzlu; $a + el > al$, $de + el > del$;
la með öðrum kvenkynsorðum í eintölu;
lo (hvorugkyn) með lýsingarorðum og atviksorðum, þegar þau eru notuð sem nafnorð;
los með karlkynsorðum í fleirtölu;
las með kvenkynsorðum í fleirtölu.
8. — Óákveðni greinirinn hefur þessar myndir:
un með karlkynsorðum í eintölu og kvenkynsorðum, sem byrja á (h)a- með áherzlu;
una með öðrum kvenkynsorðum í eintölu;
unos með karlkynsorðum, sem aðeins eru notuð í fleirtölu;
unas með kvenkynsorðum, sem aðeins eru notuð í fleirtölu.
- Unos (unas)* er oft notað í merkingunni »einhverjir, nokkrir« eða í stað atviksorðs »hér um bil, nálega, á að gizka«.

Ákveðni hvk. greinirinn *lo* er stundum hafður með nafnorðum í lýsingarorðsmerkingu (*a lo estudiante* = á stúdentavísu, *vivir a lo soldado* = lifa hermannaflí, að hætti hermannna).

Nafnorð og lýsingarorð.

A. Kyn nafnorða.

9. — Karlkyns eru nafnorð, sem enda á: -o (nema *mano, nao, seo*), -i, -u, -y (nema *ley, grey*), -j, -r (nema *mujer, flor* og örfá önnur).

Kvenkyns eru nafnorð, sem enda á: -d, -ión og -a (flest).

Karlkyns eru nöfn á fjöllum, fljótum, dögum, mánuðum og löndum og borgum (sem ekki enda á -a).

Kvenkyns eru t. d. heiti bókstafanna.

B. Kvenkynsendingar lýsingarorða og nafnorða.

10. — Af kk. nafnorðum eru oft mynduð samsvarandi kvenkyns orð með því að breyta endingunni. Um það gilda sömu reglur og um kvenkynsmynd lýsingarorða.

a. Orð, sem enda í kk. á -o, breyta þeim staf í -a í kvk.

b. Orð, sem enda á -a, -e, -i, eru eins í báðum kynjum.

c. 1) Nafnorð, sem enda á samhljóða, bæta við sig -a í kvk.

2) Lýsingarorð, sem einnig geta verið nafnorð og enda á -án, -ín, -ón, -or, -ol, -uz, -és, bæta við sig -a í kvk.

d. Öll önnur lýsingarorð hafa enga sérstaka kvenkynsmynd.

11. — Nokkuð mörg nafnorð koma í bága við þessar reglur, og skulu hér talin þau helztu:

a. *canónigo* kórsbróðir *canonesa*, *diácono* djákni *diaconisa*, *gallo* hani *gallina*, *reo* sökudólgur *reo*, *testigo* vitni *testigo*.

b. *comediante* skopleikari *comediante*, *pariente* skyldmenni *pariente* og önnur nafnorð, sem enda á -ante, -ente; endingarnar -ete og -ote í nafnorðum og lýsingarorðum verða í kvk. -eta, -ota (nema *intérprete* túlkur, sem er eins í báðum kynjum samkvæmt reglunni); *alcalde* borgarstjóri *alcaldesa*, *alcaide* virkisstjóri *alcaldesa*, *conde* greifi *condesa*, *duque* hertogi *duquesa*, *héroe* hetja *heroína*, *príncipe* fursti *princesa*; *jabalí* villigöltur *jabalina*, *poeta* skáld *poetisa*, *profeta* spámaður *profetisa*.

c. *abad* ábóti *abadesa*, *actor* leikari *actriz*, *barón* barón *baronesa*, *emperador* keisari *emperatriz*, *rey* konungur *reina*, *zar* sar *zarina*.

C. Fallbeyging.

12. — Nafnorð og lýsingarorð hafa engar fallendingar í spænsku.

Eignarfall er táknað með því að setja forsetningna *de* fyrir framan orðið óbreytt (*el libro de*

Juan bók Juans, *la casa de mi padre* hús föður míns, *la mujer del soldado* kona hermannsins).

Þágufall er táknað með forsetningunni *a* (*sirve al rey y a la patria* hann þjónar konunginum og föðurlandinu, *di cien pesetas a los mendigos* ég gaf betlurunum hundrað peseta).

Þolfall er og táknað með forsetningunni *a*, þegar þolandinn er:

1) persóna eða persónugerving (*he visto al rey y a la reina* ég hef séð konunginn og drottninguna, *no conozco a nadie* ég þekki engan, *aman a la patria* þeir elska föðurlandið);

2) nafn án greinis á borg eða landi (*ganaron a Granada* þeir unnu Granada).

D. Fleirtala nafnorða og lýsingarorða.

13. — Fleirtöluendingin er tvennskona:

-s fá þau orð, sem enda á áherzlulausum sérhljóða eða e með áherzlu;

-es fá þau, sem enda á samhljóða eða a, i, o, u með áherzlu.

14. — Undantekningar:

a. Orð, sem enda á -s í eint. og hafa ekki áherzlu á seinasta atkvæði, fá enga fleirtöluendingu, og sama má segja um nokkur önnur sjaldgæf orð eins og *déficit* tekjuhalli (flt. *los déficit*).

b. Eftirfarandi orð bæta við sig -s í flt. (í stað -es): *papá* pabbi, *mamá* mamma, *sofá* legubekkur,

bisturi skurðhnifur, *dominó* dóminó, *chacó* dáta-húfa, *chapó* ballskák, *tisú* tau, klæði.

c. Í nokkrum óalgengum samsettum orðum fá báðir hlutar þeirra fleirtöluendingu: *casamata* jarðvirki, *ricahembra* aðalskona, *ricohombre* aðalsmaður, *hijodalgo* tigginn maður, *gentilhombre* kammerherra, *mediacaña* (gólf-)listi; *casasmatas*, *ricas-hembras* o. s. f.

Aths. I. — Nokkur orð hafa tvennskonar merkingu í flt.:

ánima sál, *ánimas* sálir, kvöldhringing,
corte hirð, *cortes* hirðir, þing (á Spáni),
padre faðir, *padres* feður, foreldrar,
hijo sonur, *hijos* synir, börn,
hermano bróðir, *hermanos* bræður, systkini,
rey konungur, *reyes* konungar, konungshjón,
esposo eiginmaður, *esposos* eiginmenn, hjón,
abuelo afi, *abuelos* afar, afi og amma.

Aths. II. — Ýms orð eru aðeins notuð í eintölu, en önnur eingöngu í fleirtölu. Af síðarnefndum skal hér getið nokkurra hinna algengustu: *afueras* nærsveitir, *alrededores* nágrenni, *arras* fyrirframborgun, *angarillas* handbörur, *esponsales* trúlofun, *nupcias* brúðkaup, *exequias* jarðarför, *antiparras* og *gafas* gleraugu, *despabiladeras* kveikklippur, *enaguas* nærpils, *pertrechos* vopn, áhöld, *postres* ábætir, *viveres* matföng, *Carnestolendas* kjótkveðjuhátíð, *cosquillas* kitlur, *fauces* gin.

15. — E. Stigbreyting lýsingarorða.

Frumstig. — Nokkur lýsingarorð í kk. missa o í endingu, þegar þau standa á undan nafnorðinu, sem þau eiga við, og í kvk. missa þau a-endinguna í sama tilfelli, ef nafnorðið byrjar á (h)a-. Þau eru: *bueno*, *malo*, *postrero*, töluorðin *primero* og *tercero* og óákv. fornöfnin *alguno*, *ninguno*.

Santo verður *san* fyrir framan kk.-eiginnöfn (nöfn dýrlinga), nema í *Santo Domingo*, *Santo Tomás*, *Santo Tomé*, *Santo Toribio*, *Santiago* (heilagi Jakob).

Grande er alltaf skrifað *gran* á undan nafnorðinu, sem það á við.

Miðstig. — Miðstig er myndað með því að setja *más* (meira) fyrir framan frumstigið. Fjögur lýsingarorð geta haft óreglulega stigbreytingu: *bueno* — *mejor* (*más bueno*), *malo* — *peor* (*más m.*), *grande* — *mayor* (*más g.*), *pequeño* — *menor* (*más p.*).

Yfirstig. — Það er táknað með því að setja ákv. greini (eða eignarfornað) fyrir framan miðstigið.

16. — Hástig. — Það má mynda með tvennu móti aðallega:

1) með ýmsum hjálparorðum eins og í islenzku (*muy*, *sumamente*, *en extremo*, *por demás*, *hasta no más*, *a más no poder* . . . mjög, afar, einkar o. s. f.);

2) með endingunni -ísimo, sem bætt er við frumstigið. Um leið taka lýsingarorðin oft nokkrum breytingum; t. d. verður endingin -ble í orðum, sem eru ekki yfir þrjú atkvæði, að -bilísimo, endingarnar -iente og -ierto að -entísimo og -ertísimo; ue í

stofni verður o, þegar áherzlan flyzt yfir á end-inguna.

Margar óreglulegar hástigsmyndir teknar beint úr latínu eru hafðar um hönd í riti, en sjaldan í daglegu tali (*áspero* óbliður *asperrimo*, *fiel* trúr *fidelisimo*, *sabio* vitur *sapientísimo* o. s. f.).

Sum lýsingarorð geta ekki fengið hástigsendingu. Það eru:

1) þau, sem enda á -ble og eru meira en 3ja atkvæða;

2) þau, sem enda á -eo með áherzlu á 3. atkvæði;

3) þau, sem enda á -uo eða -i;

4) hluttaksorð þátíðar notuð sem lýsingarorð.

Aftur á móti geta sum orð úr öðrum orðflokkum fengið hástigsendingu (*amigo* vinur *amiguísimo*, *señor* herra *señorísimo*, *mismo* sami *mismísimo*).

F. Afleiðsluendingar.

17. — Í spænsku er til fjöldinn allur af afleiðsluendingum, sem skeyta má við flest nafnorð og lýsingarorð og einstaka önnur. Valda þær meiri og minni breytingum á merkingu stofnorðanna og tákna oft hárfín blæbrigði, sem ekki verður snúið á íslenzku, nema með langri umritun.

Smækkunarendingar eru: -ito, -illo, -cito, -cillo, -ecito, -ecillo, -écito, -cecillo;

-uelo, -zuelo, -ezuelo, -cezuelo, -ico, -cico, -ecico, -cecico (öll með dálitlum keim af lítilsvirðingu);

-in (notað einkum í Astúrium), -ino (Extremadura), -uco (Kantabria), -iño (Galicia), -é (Pýrenea-fjöll), -ete (Ebródalur).

Stækkunarendingar eru: -ón, -azo (táknar einnig það sem stofnorðið framleiðir), -ote, -onazo;

-acho, -achón, -ucho, -uza (það sem er ljótt, klúrt, fyrirlitlegt).

Helztu afleiðsluendingar aðrar: -ada (táknar sama og -azo), -ado (innihald), -eda og -edo (safn af e-u), -al og -ar (safn af e-u. eða staðurinn þar sem miðið er af því, er stofnorðið táknar), -ero og -era (persónan, sem fæst við hlutinn eða ilátið, sem inniheldur hann).

Orð með stækkunarendingu eru karlkyns, þótt stofnorðið sé kvenkyns, en orð með smækkunarendingu eru oftast sama kyns og stofnorðið.

Af eiginnöfnum persóna er algengt að mynda gælunöfn með afleiðsluendingum og ýmsum stofnbreytingum: *Toñito* (Antonio), *Concha*, *Conchita* (Concepción), *Rita* (Margarita), *Marica*, *Mariquita* (Maria), *Inesilla* (Inés), *Lola*, *Lolita* (Dolores), *Merceditas* (Mercedes), *Carlitos* (Carlos), *Lucita* (Lucia), *Pepe*, *Pepito* (José), *Pepa*, *Pepita* (Josefa), *Paco*, *Frasco*, *Quico*, *Curro* (Francisco), *Paca* (Francisca), *Manolo* (Manuel), *Perico*, *Perucho* (Pedro), *Pilarcita* (Pilar), *Belica* (Isabel).

Fornöfn.

A. Persónufornöfn.

18. —	Eintala.	Fleirtala.	
1. persóna, nefnif.	<i>yo</i>	<i>nosotros -as</i>	
— andlagsf. án forsetningar	<i>me</i>	<i>nos</i>	
— — með fors. <i>con</i>	<i>conmigo</i>	<i>nosotros -as</i>	
— — með öðrum fors.	<i>mi</i>	<i>nosotros -as.</i>	
2. pers., nefnif.	<i>tú</i>	<i>vosotros -as</i>	
— andlagsf. án fors.	<i>te</i>	<i>os</i>	
— — með fors. <i>con</i>	<i>contigo</i>	<i>vosotros -as</i>	
— — með öðrum fors.	<i>ti</i>	<i>vosotros -as.</i>	
3. pers., kk. nefnif.	<i>él</i>	<i>ellos</i>	
— andlagsf. án fors.	<i>le, lo</i>	<i>los</i>	
— — með fors.	<i>él</i>	<i>ellos</i>	
— þágufall	<i>le</i>	<i>les.</i>	
3. pers., kvk. nefnif.	<i>ella</i>	<i>ellas</i>	
— andlagsf. án fors.	<i>la</i>	<i>las</i>	
— — með fors.	<i>ella</i>	<i>ellas</i>	
— þágufall	<i>le</i>	<i>les</i>	
3. pers., hvk. nefnif.	<i>ello</i>	} Vantar fleirtölu	
— andlagsf. án fors.	<i>lo</i>		
— — með fors.	<i>ello</i>		
— þágufall	<i>le</i>		
Afturbeygilegt fornafn:		} Eins í fleirtölu	
Andlagsf. án fors.	<i>se</i>		
— með fors. <i>con</i>	<i>consigo</i>		
— með öðrum fors.	<i>sí</i>		

Eintala. Fleirtala.

Þegar þérad er:

Nefnif.

usted *ustedes*

andlagsf. án fors.

le *les*

— með fors.

usted *ustedes*

þágufall

le *les.*

Aths. Þágufall 3. pers. *le, les* verður *se, þegar le, lo, la, los, las* (andlagsfall) fer á eftir: *le le, les le, le lo, les las* o. s. frv. verður *se le, se le, se lo, se las* o. s. frv.

19. — Þegar persónufornöfn eru gerandi í setningu, eru þau sjaldnast tekin með, og þá ekki nema menn vilji leggja sérstaka áherzlu á persónuna eða forðast að setningin verði misskilin (*yo trabajo y tú duermes* ég vinn og þú sefur, *no soy feliz, decía él* ég er ekki hamingjusamur, sagði hann).

20. — Persónufornöfn standa aldrei með nafnorði né á undan tilvísunarfornafni. Er í þeirra stað hafður ákv. greinir eða áb.forn. *el* (*los españoles somos valientes* vér Spánverjar erum hraustir; *las madres sois buenas* þið mæðurnar eruð góðar; *el que tengo tanta paciencia como Vd.* ég, sem er jafn-polinmóður og þér).

21. — Þegar persónufornöfn eru andlag sagnar (*me, nos, te, os, le, lo, la, los, las, se*), er þeim skeytt aftan við sögnina í nafnhætti, boðhætti, jákvæðri nút. viðt.háttar (í boðháttarmerkingu) og

»gerundio« (*no quiero darlo* ég vil ekki gefa það; *es preciso decírselo* það verður að segja honum [henni, yður o. s. f.] það; *dándotelos* gefandi þér þá; *favorézcate la fortuna* hamingjan hossi þér; *tómalo* taktu það). Þegar sögnin er í byrjun jákvæðrar setningar, má skeyta fornafninu við allar ósamsettar tíðir hennar (*sentóse a comer* hann seftist til borðs; *agradézcotelo* ég er þér þakklátur fyrir það).

22. — Annars standa pers.fornöfn án fors. jafnan á undan sögninni, og séu þau tvö, er þiggjandi inn hafður á undan þolandanum (beina andlaginu) (*me lo das* þú gefur mér það; *nos lo dice* hann segir okkur það; *se lo doy* ég gef yður það). Stundum er óbeina andlagið tvitekið ýmist til áherzlu eða til að fyrirbyggja misskilning (*se lo doy a ella* ég gef henni það; *a mí me parece* mér virðist; *les dijo a ellos* hann sagði við þá). »Se lo doy« getur t. d. haft sex mismunandi merkingar, ef sú rétta verður ekki ráðin af samhenginu: *se lo doy a él, a ella, a usted, a ellos, a ellas, a ustedes*.

23. — Ef þolandi eða þiggjandi sagnarinnar fer á undan henni, skal hann endurtekinn með tilsvarendi pers.fornafni án forsetningar (*al reo le han indultado* ákærði hefur verið náðaður; *todo lo vence el amor* kærleikurinn sigrar allt).

B. Eignarfornöfn.

	Á undan nafnorði	Á eftir nafnorði	Sjálfstæð
24. —			
Eintala	<i>mi</i> minn	<i>mío</i>	<i>el mío</i>
	<i>tu</i> þinn	<i>tuyo</i>	<i>el tuyo</i>
	<i>su</i> sinn, yðar, hans o. s. f.	<i>suyo</i>	<i>el suyo</i>
	<i>nuestro</i> vor, okkar	<i>nuestros</i>	<i>el nuestro</i>
	<i>uestro</i> ykkar	<i>uestro</i>	<i>el uestro</i>
	<i>su</i> sinn, þeirra, yðar	<i>suyo</i>	<i>el suyo</i>
Fleirtala	<i>mis</i> minir	<i>míos</i>	<i>los míos</i>
	<i>tus</i> þínir	<i>tuyos</i>	<i>los tuyos</i>
	<i>sus</i> sínir, yðar o. s. f.	<i>suyos</i>	<i>los suyos</i>
	<i>nuestros</i> vorir	<i>nuestros</i>	<i>los nuestros</i>
	<i>uestros</i> ykkar	<i>uestros</i>	<i>los uestros</i>
	<i>sus</i> sínir, yðar o. s. f.	<i>suyos</i>	<i>los suyos</i>

Aths. Allar þessar orðmyndir, nema *mi, tu, su, mis, tus, sus*, geta fengið kvk.-endingu eins og regluleg lýsingarorð.

25. — Í setningum, þar sem eignarfornafnið eitt gæti valdið misskilningi, nota menn jafnframt eignarfall persónufornafnsins (*sus guantes de Vd.* hanskararnir yðar; *su casa de ellos* húsið þeirra).

C. Ábendingarfornöfn.

26. — 1. *Este* þessi (hérna), kvk. *esta*, flt. *estos, estas*, hvk. *esto*.

2. *Ese* þessi (þarna), sá, kvk. *esa*, flt. *esos, esas*, hvk. *eso*.

3. *Aquel* sá, hinn, kvk. *aquella*, flt. *aquellos*, *aquellas*, hvk. *aquello*.

4. *El* sá, beygist eins og ákv. greinirinn.

Aths. Öll áb.fornöfnin, nema hvorugkynsmyndirnar og *el*, fá kommu, þegar þau standa í stað nafnorðs (bls. 5).

27. — Á verzlunarmáli er *ésa* = *esa ciudad*, borgin, sem maður skrifar eða simar til, en *ésta* = *esta ciudad*, borgin, sem maður er staddur í sjálfur.

El er einkum notað á undan tilvísunarfornöfn-um: sá (sem). Bæði það og *aquel* eru höfð í stað undanfarandi nafnorðs, svo að ekki þurfi að taka það upp aftur (*la que dijo eso mintió* sú, sem sagði það, hefur sagt ósatt; *los que están aquí* þeir, sem eru hérna; *la casa del médico y aquella del general* hús læknisins og hús hershöfðingjans; *las hojas del roble y las del álamo* blöð steineikarinnar og asparinnar).

D. Tilvísunarfornöfn.

28. — 1. *Que* (sem) er óbeygjanlegt.

2. *Quien* (sem) er í flt. *quienes*.

3. *Cuyo* (sem) hefur eignarfallsmerkingu og beygist eins og reglulegt lýs.orð.

4. *El cual* (sem, sá sem), flt. *los cuales*.

5. *Cuanto* (allt sem, það sem) beygist eins og reglulegt lýs.orð.

29. — *Que* er notað um persónur og hluti, en

með forsetningu aðeins um hluti. *Quien* er aðeins haft um persónur; *el cual* (eða *el que*) bæði um persónur og hluti. *Donde* er oft sett í staðinn fyrir *el que*, *el cual* með forsetningu. *Cuyo* stendur fyrir *de que*, *de quien*. *Cuanto* er sama og *todo lo que* (sjá dæmin á bls. 49).

E. Spurnarfornöfn.

30. — 1. *Qué* (hvað, hvaða) er óbeygjanlegt.

2. *Quién* (hver) beygist eins og tilv.fornafnið.

3. *Cuál* (hver, hvor) beygist eins og tilv.fornafnið, en er aldrei með ákv. greininum.

4. *Cúyo* (hvers) beygist eins og tilv.fornafnið.

5. *Cuánto* (hve mikill, margur) beygist eins og tilv.fornafnið.

31. — *Quién* er aðeins haft um persónur og stendur aldrei á undan forsetningunni *de*. Aftur á móti stendur *cuál* oft með *de*, þegar átt er við einhvern einstakan úr ákveðinni tölu. *Cúyo* er sjaldan notað og þá aðeins með sögninni *ser*; í talmáli nota menn í þess stað *de quién* (bls. 51).

F. Óákveðin fornöfn og lýsingarorð.

32. — a. Notuð eingöngu sem lýsingarorð: *cada* (óbeygjanlegt) hver, hver einasti; *cierto* (reglulegt lýs.orð) nokkur, ónefndur, ótiltekinn; *tamaño* (reglul. lýs.orð) slíkur, svo mikill.

b. Notuð eingöngu sem fornöfn: *algo* (ób.) eitt-

hvað, = *alguna cosa*; *alguien* (ób., eintala) einhver; *nada* (ób.) ekkert, neitt; *nadie* (ób.) enginn, neinn; *quienquiera* (ób.) einhver, hver sem er; *cada cual* (ób.) hver (hvor) um sig; *cada uno (una)* hver (hvor) um sig.

c. Bæði lýsingarorð og fornöfn eru: *cualquiera* (flt. *cualesquiera*, á undan nafnorði má sleppa áinu í endingunni bæði í eint. og flt.) einhver, sama hver er; *alguno* (reglul. lýs.orð) einhver, nokkur, neinn; *ninguno* (reglul. lýs.orð) enginn, neinn; *todo* (reglul. lýs.orð) allur, sérhver, = *cada*; *otro* (reglul. lýs.orð) annar, hinn (þá með ákv. greini); *ambos* (reglul. lýs.orð, aðeins til í flt.) báðir, báðir tveir; *mismo* (reglul. lýs.orð) sjálfur, hinn sami; *tal* (reglul. lýs.orð) slíkur, nokkur. svonefndur (þá með óákv. greini), fyrnefndur, umræddur (þá með ákv. greini); *tanto* (reglul. lýs.orð) svo mikill, flt. svo margir, nokkrir, »otro tanto« = annar eins, jafnmikill, flt. jafnmargir; *cuanto* (reglul. lýs.orð, sjá bls. 20) allur sem, svo mikill sem, eins mikill (margur) og; *uno* (bæði óákv. greinir og töluorð) sem óákv. fornafn merkir það maður, menn, í flt. sumir, nokkrir (= *unos cuantos*); *demás* (ób., með eða án greinis) allt annað, allt hitt, flt. hinir (allir).

Aths. Óákveðin fornöfn með neikvæðri merkingu eru venjulegast höfð á undan sögninni, en standi þau á eftir, verður *no* að vera á undan henni.

Sagnir.

A. Reglulegar sagnir.

33. — Sagnir skiftast í þrjá flokka eftir endingum þeirra í nafnhætti (í 2. og 3. flokki er beygingin eins, þar sem hún er aðeins sýnd fyrir annan flokkinn):

I. -ar	II. -er	III. -ir
<i>tom ar</i> taka	<i>com er</i> borða	<i>viv ir</i> lifa

1. gerundio (nafnháttarauki).
tom ando takandi *com iendo* borðandi

2. hluttaksorð fortíðar.
tom ado tekið *com ido* borðað

Framsöguháttur.

3. nútíð.		
<i>tom o</i> ég tek	<i>com o</i> ég borða	<i>viv o</i> ég lifi
<i>tom as</i>	<i>com es</i>	<i>viv es</i>
<i>tom a</i>	<i>com e</i>	<i>viv e</i>
<i>tom amos</i>	<i>com emos</i>	<i>viv imos</i>
<i>tom áis</i>	<i>com éis</i>	<i>viv ís</i>
<i>tom an</i>	<i>com en</i>	<i>viv en</i>

4. þátíð.		
<i>tom aba</i> ég tók	<i>com ía</i> ég borðaði	
<i>tom abas</i>	<i>com ías</i>	
<i>tom aba</i>	<i>com ía</i>	
<i>tom ábamos</i>	<i>com íamos</i>	
<i>tom abais</i>	<i>com íais</i>	
<i>tom aban</i>	<i>com ían</i>	

5. pretérito (frásagnarþátið).

<i>tom é</i> ég tók	<i>com í</i> ég borðaði
<i>tom aste</i>	<i>com iste</i>
<i>tom ó</i>	<i>com íó</i>
<i>tom amos</i>	<i>cam imos</i>
<i>tom asteis</i>	<i>com isteis</i>
<i>tom aron</i>	<i>com ieron</i>

6. framtíð.

<i>tomar é</i> ég mun taka	<i>comer é</i> ég mun borða
<i>tomar ás</i>	<i>comer ás</i>
<i>tomar á</i>	<i>comer á</i>
<i>tomar emos</i>	<i>comer emos</i>
<i>tomar éis</i>	<i>comer éis</i>
<i>tomar án</i>	<i>comer án</i>

7. skildagatið.

<i>tomar ía</i> ég mundi taka	<i>comer ía</i> ég mundi borða
<i>tomar ías</i>	<i>comer ías</i>
<i>tomar ía</i>	<i>comer ía</i>
<i>tomar íamos</i>	<i>comer íamos</i>
<i>tomar íais</i>	<i>comer íais</i>
<i>tomar ían</i>	<i>comer ían</i>

(*vivir é* ég mun lifa, *vivir ás . . .*; *vivir ía* o. s. f.).

Viðtengingarháttur.

8. nútíð.

<i>tom e</i> ég taki	<i>com a</i> ég borði
<i>tom es</i>	<i>com as</i>
<i>tom e</i>	<i>com a</i>
<i>tom emos</i>	<i>com amos</i>
<i>tom éis</i>	<i>com áis</i>
<i>tom en</i>	<i>com an</i>

9. þátið I.

<i>tom ara</i> ég tæki	<i>com iera</i> ég borðaði
<i>tom aras</i>	<i>com ieras</i>
<i>tom ara</i>	<i>com iera</i>
<i>tom áramos</i>	<i>com iéramos</i>
<i>tom arais</i>	<i>com ierais</i>
<i>tom aran</i>	<i>com ieran</i>

10. þátið II.

<i>tom ase</i> ég tæki	<i>com iese</i> ég borðaði
<i>tom ases</i>	<i>com ieses</i>
<i>tom ase</i>	<i>com iese</i>
<i>tom ásemos</i>	<i>com iésemos</i>
<i>tom aseis</i>	<i>com ieseis</i>
<i>tom asen</i>	<i>com iesen</i>

11. framtíð.

<i>tom are</i> ég kynni að (skyldi) taka	<i>com iere</i> ég kynni að (skyldi) borða
<i>tom ares</i>	<i>com ieres</i>
<i>tom are</i>	<i>com iere</i>
<i>tom áremos</i>	<i>com iéremos</i>
<i>tom areis</i>	<i>com iereis</i>
<i>tom aren</i>	<i>com ieren</i>

12. boðháttur.

2. pers. eint. *tom a* taktu *com e* borðaðu *viv e* lifðu
2. pers. flt. *tom ad* takið *com ed* borðið *viv id* lifið

Aths. Til rúmsparnaðar verða tölurnar fyrir framan heiti sagnmyndanna notaðar í þeirra stað hér á eftir.

34. — Samhljóð það, sem stofn sagnarinnar endar á, helzt jafnan óbreytt gegnum alla beyginguna,

og tekur því stafsetningin í ákveðnum tilfellum ýmsum breytingum í samræmi við reglur þær, sem gefnar eru á bls. 6 (*llegar, llegué, llegaste; coger, cojo, coges; lanzar, lancé* o. s. f.). Í sögnum, sem enda á -acer, -ecer, -ocer, -ucir, breytist c í zc á undan a, o í nútíð:

conocer þekkja, 3. conozco, conoces . . . 8. conozca, conozcas, conozca, conozcamos o. s. f.

35. — Í mörgum sögnum verður e, o í stofni að ie (ye), ue (hue), þegar áherzlan hvílir á þeim hljóðum (í nútíð og boðhætti):

pensar hugsá, 3. pienso, piensas, piensa, pensamos, pensáis, piensan, 8. piense, pienses, piense, pensemos, penséis, piensen, 12. piensa, pensad; mover hreyfa, 3. muevo, mueves, mueve, movemos, movéis, mueven, 8. mueva, muevas, mueva, movamos, mováis, muevan, 12. mueve, moved.

Eins og *pensar* og *mover* beygjast 130 sagnir í fyrsta flokki, 50 í öðrum flokki og í 2 þriðja (*concernir* snerta, *discernir* greina sundur). Í *jugar* leika sér, klofnar u:

jugar, 3. juego, juegas, juega, jugamos . . .

8. juegue, juegues, juegue, juguemos o. s. f.

Í *adquirir* afla, og *inquirir* rannsaka, klofnar í:

adquirir, 3. adquiero, adquieres, adquirimos . . .

8. adquiera, adquiramos o. s. f.

36. — Í nokkrum sögnum þriðja flokks á sér stað klofning (e > ie, o > ue), og auk þess breytist e, o, í i, u á undan áherzlusamstöfu, sem hefur að geyma ie, ió eða a:

sentir finna til, 3. *siento, sentimos, 5. sentí, sentiste, sintió, sentimos, sentisteis, sintieron, 6. sentiré, 8. sienta, sintamos, sintáis, sientan, 9. sintiera, 10. sintiese, 11. sintiere, 12. siente, sentid; dormir* sofa, 3. *duermo, dormimos, 5. dormí, dormiste, durmió, dormimos, dormisteis, durmieron, 6. dormiré, 8. duerma, durmamos, durmáis, duerman, 9. durmiera, 10. durmiese, 11. durmiero, 12. duerme, dormid.*

37. — Allmargar sagnir í þriðja flokki, sem hafa e í stofni, breyta því í i, þegar það er með áherzlu og eins þegar næsta áherzlusamstafa hefur að geyma ie, ió eða a:

pedir biðja, 3. *pido, pides, pide, pedimos, pedís, piden, 5. pedí, pidió, pidieron, 6. pediré, 8. pida; pidamos, 9. pidiera, 10. pidiese 11. pidiere, 12. pide, pedid.*

38. — Í sögnum, sem enda á -uir, er y skotið inn á milli stofns og endingar, þegar í fer ekki á eftir:

huir flýja, 3. *huyo, huyes, huimos, 5. huí, huiste, huyó, huimos, 6. huiré, 12. huye, huid.*

B. Óreglulegar sagnir.

39. — a. Áherzlan í 1. og 3. pers. eint. í »preterito« hvílir á endingunni eins og í reglulegum sögnum.

Caer falla, 1. *cayendo, 3. caigo, caes, cae, caemos, caéis, caen, 5. caí, caíste, cayó, caímos, cai-*

steis, cayeron, 8. caiga, caigas, caigamos, 9. cayera, 10. cayese, 11. cayere, 12. cae, caed.

Dar gefa, 3. doy, das, da, damos, dais, dan, 5. di, diste, dió, dimos, disteis, dieron, 8. dé, des, dé, demos, deis, den, 12. da, dad.

Ir fara, 1. yendo, 2. ido, 3. voy, vas, va, vamos, vais, van, 4. iba, ibas, 5. fui, fuiste, fué, fuimos, fuisteis, fueron, 8. vaya, vayas, vaya, vayamos, vayáis, vayan, 9. fuera, 10. fuese, 11. fuere, 12. ve, id, vamos, (1. pers. flt.).

Oír heyra, 1. oyendo, 3. oigo, oyes, oye, oimos, ois, oyen, 5. oí, oiste, oyó, oimos, oisteis, oyeron, 8. oiga, oigas, oigamos, 12. oye, oíd.

Salir fara út, 3. salgo, sales, sale, salimos, salís, salen, 6. saldré, saldrás, 7. saldria, 8. salga, salgás, salgamos, 12. sal, salid.

Ser vera, 1. siendo, 2. sido, 3. soy, eres, es, somos, sois, son, 4. era, eras, era, éramos, érais, eran, 5. fui, fuiste, fué, fuimos, fuisteis, fueron (sjá ir), 8. sea, seas, sea, seamos, seáis, sean, 12. sé, sed.

Valer gilda, 3. valgo, vales, vale, valemós, 6. valdré, valdrás, 7. valdria, 8. valga, valgas, valgamos, 12. val (vale), valed.

l'er sjá, 1. viendo, 2. visto, 3. veo, ves, ve, vemos, veis, ven, 4. veía, 5. vi, viste, vió, vimos, visteis, vieron, 8. vea, veas, veamos, 12. ve, ved.

b. Áherzlan í 1. og 3. pers. eint. í »pretérito« hvíllir á stofninum.

Andar ganga, 5. anduve, anduviste, anduvo,

anduvimos, anduvisteis, anduvieron, 9. anduiera, 10. anduiese, 11. anduviere.

Caber rúma, 3. quepo, cabes, cabe, cabemos, cabéis, caben, 5. cupe, cupiste, cupo, cupimos, cupisteis, cupieron, 6. cabré, 7. cabría, 8. quepa, quepas, quepamos.

Decir segja, 1. diciendo, 2. dicho, 3. digo, dices, dice, decimos, decís, dicen, 5. dije, dijiste, dijo, dijimos, dijisteis, dijeron, 6. diré, dirás, 7. diría, 8. diga, digas, digamos, 12. di, decid.

Conducir flytja, 3. conduzco, conduces, conducimos, 5. conduje, condujiste, condujo, condujimos, condujisteis, condujeron, 8. conduzca, conduzcas, conduzcamos.

Estar vera, 3. estoy, estás, está, estamos, estáis, están, 5. estuve, estuviste, estuvo, estuvimos, estuvisteis, estuvieron, 8. esté, estés, esté, estemos, estéis, estén, 12. está, estad.

Haber hafa, 3. he, has, ha (hay), hemos (hemos), habéis, han, 5. hube, hubiste, hubo, hubimos, hubisteis, hubieron, 6. habré, 7. habría, 8. haya, hayas, haya, hayamos, hayáis, hayan.

Hacer gera, 2. hecho, 3. hago, haces, hace, hacemos, hacéis, hacen, 5. hice, hiciste, hizo, hicimos, hicisteis, hicieron, 6. haré, harás, 7. haría, 8. haga, haga, hagamos, 12. haz, haced.

Placer þóknast, er aðeins notað í þessum myndum: 3. place, 4. placía, 5. plugo, pluguieron, 6. placerá, 7. placeria, 8. plega (plazca, plegue), 9. pluguiera, 10. pluguiese, 11. plugutere.

Poder geta, 1. *pudiendo*, 3. *puedo*, *puedes*, *puede*, *podemos*, *podéis*, *pueden*, 5. *pude*, *pusiste*, *pudo*, *pusimos*, *pusisteis*, *pusieron*, 6. *podré*, 7. *podría*, 8. *pueda*, *puedas*, *pueda*, *podamos*, *podáis*, *puedan*.

Poner setja, 2. *puesto*, 3. *pongo*, *pones*, *pone*, *ponemos*, *ponéis*, *ponen*, 5. *puse*, *pusiste*, *puso*, *pusimos*, *pusisteis*, *pusieron*, 6. *pondré*, 7. *pondría*, 8. *ponga*, *pongas*, *pongamos*, 12. *pon*, *poned*.

Querer vilja, 3. *quiero*, *quieres*, *quiere*, *queremos*, *queréis*, *quieren*, 5. *quise*, *quisiste*, *quiso*, *quisimos*, *quisisteis*, *quisieron*, 6. *querré*, *querrás*, 7. *querria*, 8. *quiera*, *quiera*, *quieras*, *quiera*, *queramos*, *queráis*, *quieran*, 12. *quiere*, *quered*.

Saber vita, 3. *sé*, *sabes*, *sabe*, *sabemos*, *sabéis*, *saben*, 5. *supe*, *supiste*, *supo*, *supimos*, *supisteis*, *supieron*, 6. *sabré*, 7. *sabría*, 8. *sepa*, *sepas*, *sepa*, *sepamos*, *sepáis*, *sepan*.

Tener hafa, 3. *tengo*, *tienes*, *tiene*, *tenemos*, *tenéis*, *tienen*, 5. *tuve*, *tuviste*, *tuvo*, *tuvimos*, *tuvisteis*, *tuvieron*, 6. *tendré*, 7. *tendría*, 8. *tenga*, *tengas*, *tengamos*, 12. *ten*, *tened*.

Traer bera, 1. *trayendo*, 2. *traído*, 3. *traigo*, *traes*, *trae*, *traemos*, *traéis*, *traen*, 5. *traje*, *trajiste*, *trajo*, *trajimos*, *trajisteis*, *trajeron*, 8. *traiga*, *traigas*, *traigamos*.

Venir koma, 1. *viniendo*, 3. *vengo*, *vienes*, *viene*, *venimos*, *venis*, *vienen*, 5. *vine*, *viniste*, *vinio*, *vinimos*, *vinisteis*, *vinieron*, 6. *vendré*, 7. *vendría*, 8. *venga*, *vengas*, *vengamos*, 12. *ven*, *venid*.

c. Hluttaksorð fortíðar er óreglulegt í nokkrum sögnum, sem beygjast annars reglulega:

abrir opna *abierto*, *resolver* ákveða *resuelto*, *cubrir* hylja *cubierto*, *romper* brjóta *roto* (*rompido*), *morir* (§ 36) deyja *muerto*, *volver* snúa við *vuelto*, *-scribir*, *-scrito*.

Aths. I. — Af nafnhætti myndast framtíð og skil-dagatið með því að bæta við hann -é, -ia (fyrir *he*, *había*, af *haber* hafa; þær tíðir eru því uppruna-lega samsettar).

Aths. II. — Í boðhætti 1. pers. flt. fellur s burt, ef *nos* er skeytt við; í 2. pers. flt. fellur burt d, ef *os* er skeytt við (þó er sagt *¡idos!* af *irse*). Sjá bls. 0734.

Aths. III. — Hluttaksorð nútíðar er ekki til með sagnmerkingu. Í stað þess er notað »gerundio« (nafnháttarauki).

C. Hjálparsagnir, samsettar tíðir og þolmynd.

40. — Hjálparsagnirnar eru aðallega tvær: *haber* og *ser*. Samsettar tíðir allra sagna í germynd eru myndaðar með *haber* og hlto. fort., sem er þá ávallt óbeygjanlegt:

(*comprar* kaupa), *haber comprado* hafa keypt, *habiendo comprado* hafandi keypt, *he comprado* ég hef keypt, *había comprado* ég hafði keypt, *hube comprado* ég hafði keypt, *habré comprado*

ég mun hafa keypt, *habría comprado* ég mundi hafa keypt, *haya comprado* ég hafi keypt, *hubiera (hubiese) comprado* ég hefði keypt, *hubiere comprado* ég kynni að (skyldi) hafa keypt.

41. — Í staðinn fyrir *haber* má stundum nota *tener, llevar*, en hlutaksorð aðalsagnarinnar beygist þá í samræmi við þolanda hennar í kyni og tölu. Í merkingunni »hafa, eiga« er ávallt notað *tener*, en ekki *haber*.

42. — Þolmyndin öll er mynduð með *ser* og hlto. fort., sem beygist þá eins og reglulegt lýsingarorð (í kyni og tölu):

ser llamado vera kallaður, 1. *siendo llamado*, 2. *sido llamado*, 3. *soy llamado*, *eres llamado*, *es llamado*, (*ella*) *es llamada*, *somos llamados*, *sois llamados*, *son llamados*, 4. *era llamado*, 5. *fui llamado*, 6. *seré llamado*, 7. *sería llamado*, 8. *sea llamado*, 9. *fuera llamado* o. s. f. Samsettar tíðir: *he sido llamado* ég hef verið kallaður, *había sido llamado* ég hafði verið kallaður o. s. f.

43. — Stundum eru *andar* og *ir* notaðar sem hjálparsagnir í stað *ser*. Afturbeygðar sagnir eru mjög oft notaðar, þar sem á íslenzku mundi vera höfð þolmynd. Þær hafa enga sérstaka beygingu: *sentarse* (§ 35) setjast, 1. *sentándose*, 3. *me siento*, *te sientas*, *se sienta*, *nos sentamos*, *os sentáis*, *se sientan*, 4. *me sentaba* o. s. f.

44. — *Ser* og *estar* hafa sömu merkingu, en eru

ekki notaðar jöfnum höndum: 1) þegar umsagnarorðið er nafnorð, skal nota *ser* (*mi hermano es sastrero* bróðir minn er klæðsker); 2) þegar umsagnarorðið er lýsingarorð, sem táknar eðliseinkunn eða varanlegan eiginleika, skal nota *ser*, en tákni það skammvinnan eða tilfallandi eiginleika, nota menn *estar* (*la novia era morena* brúðurin var dökkhærð, *¿por qué estás triste?* hversvegna ertu hryggur?); 3) með hlto. fort. í sagnarmerkingu stendur *ser* (þolmyndin), en *estar* með hlto. fort. í lýsingarorðsmerkingu (*Valencia era llamada por los moros su paraiso* V. var af Serkjum kölluð paradís þeirra, *la puerta está cerrada* dyrnar eru lokaðar); 4) á undan forsetningum stendur *ser*, ef tákna skal efni eða uppruna es. hlutar, til hvers hann sé ætlaður eða hver eigi hann, en *estar* í setningum, sem segja um, hvar eð. sé (*la puerta es de madera* hurðin er úr tré, *la casa está fuera de Barcelona* húsið stendur fyrir utan B.). Sjá dæmin á bls. 65.

D. Tíðir og hættir sagna.

45. — a. Nútið frsh. samsvarar núliðinni tíð í setningum, sem byrja á *hace, desde*.

b. Þátið frsh. er höfð um umliðið ástand (lýsingarþátið), ólokinn eða endurtekinn verknað (vanann), en »pretérito« táknar einstakan, umliðinn verknað (sögupátið).

c. Framtíð er oft þýdd á isl. með nútið. Stund-

um tákna hún möguleika o. þvl. (*tendra Vd. razón* má vera, að þér hafið á réttu að standa, *¿qué querrá?* hvað ætli hann vilji o. s. f.).

d. Boðháttur hefur engar sérstakar myndir nema í 2. pers. eint. og flt., og þær eru aðeins notaðar í jákvæðum setningum. Annars er jafnan notuð nút. viðth.

e. Viðtengingarháttur er hafður: 1) í aðalsetningum, sem tákna ósk, beiðni, áskorun eða skipun (smb. d.); 2) í aukasetningum: á eftir mörgum ópersónulegum orðatiltækjum; á eftir samtengingum, sem enda á -que, þegar aukasetning táknað verknað eða ástand, sem ráðgert er, eða er ókomið; á eftir *mandar, rogar, prohibir, pedir, querer* o. fl. viljasögnum; á eftir *creer, jurar, temer, oir, imaginar, ver* o. fl., þegar þær eru með neitun; í tilvisunar-auketningum, þegar sögnin í aðalsetningunni er spyrjandi eða neitandi eða í framtíð.

f. Þátið viðth. hefur tvær myndir. Hin fyrri er eftir uppruna sínum þáliðin tíð og er oft höfð enn í þeirri merkingu. Einnig má nota hana í stað skildagatiðar. Að öðru leyti er sama hvora myndina menn nota.

g. Framtíð viðth. samsvarar helzt nút. frsh. í islenzku. Hún er notuð í aukasetningum, þegar sögnin í aðalsetningunni stendur í boðhætti, nút. eða framt. frsh. Í hennar stað er nú oftast höfð nút. viðth. eða frsh.

h. Nafnhátt má ætíð nota sem kk.-nafnorð (oftast aðeins í eintölu), án þess að hann missi fyrir það sagneðli sitt.

Töluorð.

46. — A. Frumtölur: (0 *cero*), 1 *uno*, 2 *dos*, 3 *tres*, 4 *cuatro*, 5 *cinco*, 6 *seis*, 7 *siete*, 8 *ocho*, 9 *nueve*, 10 *diez*, 11 *once*, 12 *doce*, 13 *trece*, 14 *catorce*, 15 *quince*, 16 *dieciséis*, 17 *diecisiete*, 18 *dieciocho*, 19 *diecinueve*, 20 *veinte*, 21 *veintiuno*, 22 *veintidós*, 23 *veintitrés*, 24 *veinticuatro*, 30 *treinta*, 31 *treinta y uno*, *treintauno*, 32 *treinta y dos*, *treintaidós*, 40 *cuarenta*, 50 *cincuenta*, 60 *sesenta*, 70 *setenta*, 80 *ochenta*, 90 *noventa*, 100 *ciento*, 101 *ciento uno*, 102 *ciento dos*, 200 *doscientos*, 300 *trescientos*, 400 *cuatrocientos*, 500 *quinientos*, 600 *seiscientos*, 700 *setecientos*, 800 *ochocientos*, 900 *novecientos*, 1000 *mil*, 1001 *mil uno*, 1000.000 *un millón*.

Uno er í kvk. *una*.

Ciento verður *cien*, þegar það stendur á undan nafnorði, lýsingarorði, *mil* eða *millones*.

Doscientos — *novecientos* beygjast eins og lýsingarorð í fleirtölu.

Millón og oft *mil* og *ciento* eru nafnorð og beygjast eins. Sömu leiðis má oft nota aðrar frumtölur sem nafnorð t. d. *doses* tvistar (í spilum), *ochos* áttur . . .

47. — B. Raðtölur: 1. *primero*, 2. *segundo*, 3. *tercero*, 4. *cuarto*, 5. *quinto*, 6. *sexto*, 7. *séptimo*, 8. *octavo*, 9. *noveno*, 10. *décimo*, 11. *undécimo*, 12. *duodécimo*, 13. *décimo tercio*, 14. *décimo cuarto*, 15. *décimo quinto*, 16. *décimo sexto*,

